

“Öryggi og umhverfisstaðlar fyrir eldsneytisgeymslustaði” er nýtt leiðbeiningarit frá breska Vinnueftirlitinu (Health and Safety Executive, HSE) sem kom út 11. desember:  
<http://www.hse.gov.uk/comah/buncefield/fuel-storage-sites.pdf>

Ritið er lokagagn hópsins sem komið var á laggirnar vegna Buncefield-slyssins sem varð fyrir nákvæmlega 4 árum, í desember 2005, þegar bensínleki olli mikilli sprengingu og stórelsvoða í eldsneytisbirgðastöðinni þar. Frumorsök slyssins var að yfiryllistýring á birgðatanki fór úrskaiðis og út rann mikið magn bensíns sem dreifðist yfir stórt svæði. Kyrrt var í lofti og myndaðist stór sprengifimur loftskrokkur, blanda lofts og bensínufu frá bensínpollinum, sem síðan sprakk þegar hann komst í snertingu við neista í tæki á svæðinu. Ritið, unnið af mörgum sérfræðingum stofnana og fyrirtækja, er árangur umfangsmikillar vinnu og reynslunnar frá Buncefield og á að vera leiðbeiningarit fyrir eldsneytisbirgðastöðvar sem geyma mikið magn af bensíni. Í ritinu er sagt frá greiningum á hegðun bensíns við leka og sprengifimra bensínufu-loftskrokka, leiðbeiningar um búnað, s.s. yfiryllivarnir og ýmsan annan tæknibúnað til að verjast leka og eldi. Einnig eru lýsingar á öryggisstjórnkerfum og stjórnunaraðferðum við öruggan rekstur eldsneytisbirgðastöðva.

Sjá frétt frá HSE:

<http://www.hse.gov.uk/comah/buncefield/pressrelease.htm>